# Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar

HVALFJARÐAR SVEIT

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar og er hann í umsjá Fjölskyldu- og frístundanefndar.

## 2. gr.
## Markmið

a) Afreksstyrkir eru ætlaðir til þess að styðja við bakið á afreksfólki sem á lögheimili í Hvalfjarðarsveit.
b) Umsækjandi þarf að hafa skarað fram úr og/eða hafa fengið viðurkenningu fyrir störf/afrek sín á sviði íþrótta.
c) Afrekssjóður veitir styrki vegna þátttöku í fjölþjóðlegum mótum, sýningum erlendis og ferðastyrk vegna íþrótta.

## 3.gr.
## Umsókn og fylgigögn

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

a) Kynning á umsækjanda.
b) Yfirlit og staðfesting á afrekum/viðurkenningum.
c) Staðfesting á þátttöku.
d) Kvittanir vegna útlagðs kostnaðar.

## 4. gr.

Umsóknir skulu berast Fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar fyrir 15. apríl og 15. nóvember ár hvert. Umsóknareyðublað er á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

## 5. gr.
## Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert.

**Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11.12. 2018**